



Þjónustuhundur ársins 2009

Schafer-tíkin Óðalsdreka Amiga

Amiga er nýorðin fimm ára og er í vinnu hjá embætti ríkislögreglustjóra, aðallega við að leita að fíkniefnum og láta vita af þeim, svo hægt sé að gera þau upptæk.

Starfsfélagi Amigu og þjálfari er Elín Ósk Hölludóttir og hófst samstarf þeirra fyrir einu og hálfu ári, en Steinar Gunnarsson yfirþjálfari hjá lögreglunni annaðist grunnþjálfun tíkarinnar.

Amiga vann áður sem lögregluhundur í Reykjavík en er nú á Litla Hrauni og öðrum fangelsum í Reykjavík og á landsbyggðinni, auk þess sem hún fer í eftirlitsferðir á tjaldstæði eða þar sem hennar er talin þörf.

Þjónustuhundur eins og Amiga gegnir ákaflega mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi. Þegar menn vita að fíkniefnahundur er á leiðinni, losa þeir sig yfirleitt við fíkniefnin, eins og berlega kom í ljós fyrir síðustu verslunarmannahelgi.

Þá spurðist út að fíkniefnaleitarhundur yrði í kringum Herjólf og fann Amiga mikið magn fíkniefna í kringum brottfararstað Herjólfs. Ljóst má telja að þau efni sem Amiga fann, hefðu annars endað þjóðhátíðinni.

Amiga er mjög hæfur fíkniefnaleitarhundur og ef hún finnur til dæmis lykt af fíkniefnum sem falin eru uppi á skáp, biður hún Elínu Ósk að lyfta sér upp til geta bent nákvæmlega á staðinn þar sem efni eru falin. Milli þeirra ríkir mikið traust, sem að sjálfsögðu er lykillinn að góðum árangri.

Til að viðhalda starfsleyfi, þurfa bæði Elín Ósk og Amiga að fara í próf árlega og þyngjast prófin eftir því sem á líður. Þær hafa farið léttilega í gegnum prófin til þessa og nú hefur Amiga til dæmis öðlast réttindi til að leita á fólki.

Framundan hjá þeim vinkonum er sporleitarnámskeið, svo ljóst er að þær hafa fullan hug á að víkka út starfssviðið..

Þótt Amiga sé mjög hlýðin tík, á hún til að taka í stjórnartaumana. Þegar það gerist, er yfirleitt ástæða fyrir því, eins og til dæmis þegar fíkniefni eru grafin í jörðu. Þá linnir hún ekki látum fyrr en búíð er að grafa þau upp.

Eins og gefur að skilja er Elín Ósk ánægð með Amigu og telur sig eiga besta vinnufélaga í heimi. Nafnið Amiga, sem þýðir vinkona, er sannarlega réttnefni, enda eru þær Elín Ósk ekki bara vinnufélagar, heldur líka mestu mátar.

Það er ekki sjálfgefið að hundur hafi þá hæfileika og úthald, sem Amiga hefur til vinnu, en því má þó ekki gleyma að lykillinn að góðu samstarfi manns og hunds felst í gagnkvæmum skilningi og virðingu. Virðing, væntumþykja og skilningur er svo sannarlega til staðar milli Elínar Óskar og Amigu.